

dráttar refsingunni komi gæsluvarðhald ákærða frá 4. júlí—20. ágúst 1980.

Ákærði Edvard greiði skipuðum verjanda sínum, Jóni Oddssyni hrl., kr. 60.000 í málsvarnarlaun og ákærði Sigurður Örn greiði skipuðum verjanda sínum, Guðmundi Ingva Sigurðssyni hrl., kr. 30.000 í réttargæslubókun og kr. 60.000 í málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. febrúar 1986.

Nr. 19/1986. **Ákærvaldið**

gegn

**Jóhanni Þorgeirssyni og
Kaupstofunni**

Kærumál. Hald á skjölum. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Jóhannes Árnason, bæjarfógeti í Ólafsvíkurkaupstað, kvað upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðilar hafa samkvæmt heimild í 1. tölulið 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru dagsettri 14. janúar 1986, sem barst Hæstarétti 27. janúar 1986. Þeir krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og sér tildæmdur kærumálskostnaður. Í kærunni, sem rituð er af Hilmarí Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni fyrir hönd kærenda, segir m.a. svo:

„Umb.m. eru eigendur þeirra 7 veðskuldabréfa sem hald var lagt á. Þeir höfðu falið undirrituðum að annast innheimtu veðskuldabréfanna eftir að þau voru komin í vanskil. Skuldabréfin voru send uppboðsrétti Ólafsvíkur hinn 20. desember 1984 og hafa verið þar síðan þar til þau voru af uppboðsréttinum afhent Rannsóknarlög-reglu ríkisins hinn 10. desember sl.

Umbj.m. fengu fyrstu vitneskju um framangreindan úrskurð, svo og afhendingu veðskuldabréfanna í dag. Þeir fengu enga tilkynningu um framkomna kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um hald veðskuldabréfanna í þágu rannsóknar á viðskiptum Jóhönnu Heiðdal og Kristjönu Guðmundsdóttur, sem umbj.m. komu hvergi nærri.

Formleg birting úrskurðarins hefur ekki enn farið fram, enda þótt endurrit hans hafi borist í dag.

Umbj.m. telja að Rannsóknarlögregla ríkisins hefði með réttu lagi átt að beina kröfu um hald á veðskuldabréfunum til eigenda þeirra og sakadómur síðan að gefa þeim kost á að gæta hagsmuna sinna.“

Ríkissaksóknari hefur sent Hæstarétti greinargerð og krefst þess að úrskurðurinn verði staðfestur. Héraðsdómarinn, Jóhannes Árnason sýslumaður, hefur sent athugasemdir sínar.

Grundvöllur fyrir kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til sakadómarans í Ólafsvík um að leggja hald á veðskuldabréf þau, sem fjallað er um í máli þessu, virðist vera 4. töluliður bréfs ríkissaksóknara til Rannsóknarlögreglu ríkisins, 3. janúar 1985, en þar segir svo: „Lagt hald á skuldabréf, sem kærða hefur ekki framselt og fynnast (sic) kynnu.“

Hinn kærði úrskurður var uppkveðinn 18. nóvember 1985. Varnaraðilar, Jóhann Þorgeirsson og Kaupstofan, sem samkvæmt áritunum á 7 af þeim 13 veðskuldabréfum, sem fjallað er um í máli þessu, hafa formlegar heimildir sem eigendur þeirra, höfðu þá enga vitneskju um kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins frá 16. október 1985, né um málsmeðferð eða uppkvaðningu úrskurðarins. Samkvæmt greinargerð varnaraðila sem felst í bréfi lögmanns þeirra frá 14. janúar 1986, þar sem úrskurðurinn er kærður, fengu þeir fyrst vitneskju um kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins, málatilbúnað, úrskurð og afhendingu veðskuldabréfanna hinn 14. janúar 1986 en kæran er dagsett sama dag. Er þessu ekki neitað af hálfu ákærvalds eða héraðsdómara.

Hin umdeildu skjöl voru í vörslu héraðsdómarans sem uppboðshaldara. Voru því þegar af þeirri ástæðu engin rök til launungar svo sem verið getur um sumar ákvarðanir dómara eftir VI. kafla laga nr. 74/1974.

Öll meðferð máls þessa án þess að þeir aðilar, sem formlega heimild höfðu til veðskuldabréfa þeirra, sem hald var lagt á samkvæmt úrskurðinum, fengju vitneskju þar um eða ættu þess kost að tala máli sínu, er svo andstæð grundvallarreglum um meðferð opinberra mála, að óhjákvæmilegt þykir þegar af þeirri ástæðu að ómerkja ex officio hinn kærða úrskurð og málsmeðferð að svo miklu leyti, sem kært hefur verið.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma ríkissjóð til þess að greiða varnaraðilum kærúmálskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 7.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákvæði hins kærða úrskurðar um hald á 7 skuldabréfum, sem framseld hafa verið Kaupstofunni eða Jóhanni Þorgeirssyni, skulu ómerk og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar að því leyti.

Kærúmálskostnaður, 7.000,00 krónur, greiðist úr ríkissjóði til varnaraðila, Jóhanns Þorgeirssonar og Kaupstofunnar.

Úrskurður sakadóms Ólafsvíkurkaupstaðar 18. nóvember 1985.

Með bréfi dags. 16. október 1985 hefur þess verið krafist, að Rannsóknarlögreglu ríkisins verði með úrskurði heimilað að leggja hald á 1.) tíu verðtryggð veðskuldabréf, öll útgefin 4. ágúst 1983, hvert að fjárhæð kr. 50.000,00 með veði í fasteigninni nr. 17 við Vallholt í Ólafsvík, 5. veðrétti, móttækin til þinglýsingar þann 8. ágúst 1983 með lítranúmerum embættis sýslumanns Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og bæjarfógeta í Ólafsvík nr. 1116/1983-1125/1983. Skuldari bréfanna er Kristjana Guðmundsdóttir, nnr. 5903-0582 og kröfuhafi Jóhanna J. Heiðdal, nnr. 5026-5846, og 2.) þrjú verðtryggð veðskuldabréf hvert að fjárhæð kr. 50.000,00, öll útgefin 4. ágúst 1983 með veði í Vallholti 17, Ólafsvík, 6. veðrétti, móttækin til þinglýsingar 8. ágúst 1983 með lítranúmerum embættisins 1126/1983, 1130/1983 og 1131/1983. Skuldari bréfanna er Kristjana Guðmundsdóttir, nnr. 5903-0582 og kröfuhafi Jóhanna J. Heiðdal, nnr. 5026-5846, en bréf þessi eru í vörslu embættis sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og bæjarfógetans í Ólafsvík vegna nauðungaruppboðs á umræddri fasteign að Vallholti 17, Ólafsvík.

Rannsókn á ætluðu misferli, sem er til meðferðar hjá RLR — málinu nr. 106/1984, er ólokið. Vegna hinna miklu réttarhagsmuna, sem þykja liggja fyrir í máli þessu og í þágu rannsóknar þess, allt samkvæmt framanrituðu og með vísun til fyrirbyggjandi gagna málsins, og þar sem skilyrðum 43. gr. laga nr. 74/1974 um hald þykir einnig vera fullnægt, enda nauðsynlegt að frumrit veðskuldabréfanna verði lögð fram við rannsóknina, ber að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um hald og því

ú r s k u r ð a s t :

Rannsóknarlögreglu ríkisins skal vera heimilt að leggja hald á framangreind 13 verðtryggð veðskuldabréf í þágu rannsóknar málsins.

Fimmtudaginn 13. febrúar 1986.

Nr. 78/1984. **Jóhanna Heiðdal**

Anna Heiðdal og

María Waltersdóttir

(Páll A. Pálsson hrl.)

gegn

Jóhanni Þóri Jónssyni

og gagnsök

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi. Skuldabréf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. apríl 1984. Aðallega krefjast þær sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þær að kröfur gagnáfrýjanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti felldur niður. Þá hefur áfrýjandinn, Anna Heiðdal, með stefnu 15. maí 1984 skotið til Hæstaréttar fjárnámsgerð er fram fór í fógetarétti Reykjavíkur 8. mars 1984 á grundvelli hins áfrýjaða héraðsdóms með þeirri kröfu-